



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags við Högnastíg og Smiðjustíg á
Flúðum í Hrunamannahreppi, Árnessýslu



Kristján Mímisson

Ágúst 2005

Á forsíðunni er ljósmynd af fornleifum nr. 7:1 í Hrunamannahreppi (sjá fornleifaskrá). Beint framan við rústina liggur gata – sennilegast Konungsvegurinn frá 1907 (fornleifar nr. 8 í Hrunamannahreppi, sjá fornleifaskrá). (Ljósm. KM, mót A).


FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Kristján Mímisson

Unnið fyrir Hrunamannahrepp

Ágúst 2005

Mynd 1 Svæðin við Högnastíg og Smiðjustíg á Flúðum sem fyrirleggjandi tillaga að deiliskipulagi nær til (Kort: Landhönnun slf).



Inngangur

Að beiðni Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu tók Fornleifafræðistofan að sér fornleifaskráningu vegna tillögu að deiliskipulagi við Högnastíg og Smiðjustíg á Flúðum í Hrunamannahreppi, Árnessýslu (sjá mynd 1). Á umræddu svæði sem stendur annars vegar autt inni í núverandi byggð milli Högnastígs 12 og 13 og norðan Smiðjustígs og hins vegar milli þjóðvegur og neðri byggðar við Högnastíg og opins svæðis við Litlu-Laxá er fyrirhugað að leggjast í byggingu nýrra íbúða. Svæðið er í landi Högnastaða en í eigu Hrunamannahrepps.

Skipuleggjandi svæðisins er Landhönnun slf á Selfossi en verkkaupi er sveitarfélagið Hrunamannahreppur.

Vettvangsskoðun á svæðinu sem deiliskipulagið nær til fór fram þann 17. ágúst 2005 við ágætar aðstæður. Áður hafði verið farið í gegnum nokkrar ritheimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Örnefnaskrá, uppdrátt úr Örnefnabók Hrunamannahrepps, Fornleifaskrá og fyrirbyggjandi svæðisskráningu Hrunamannahrepps (Sædís Gunnarsdóttir, 2001).

Við fornleifaskráninguna var stuðst við kerfi Fornleifafræðistofunnar. Samkvæmt því er minjastöðum innan hvers sveitarfélags gefið sér númer (1 – n). Séu fleiri en einar fornleifar á hverjum minjastað eru þeim veitt undirnúmer (n:1 – n:n). Í gagnagrunn Fornleifafræðistofunnar höfðu áður verið skráðir sex minjastaðir í Hrunamannahreppi. Því var við þessa skráningu haldið áfram með næsta lausa númer (nr. 7).

Fornleifaskráningin náði eingöngu til þess svæðis sem tekið er fram í deiliskipulaginu. Ekki er útilokað að rétt utan svæðisins sem skráð var finnist fleiri fornleifar. Þetta ber að hafa í huga við framkvæmdir, sérstaklega þegar litið er til umferðar vinnuvéla.

Skráning


Engar friðlýstar fornleifar eru á deiliskipulagssvæðinu. Hins vegar skal bent á að allar minjar um mannvist eldri en 100 ára eru friðaðar samkvæmt þjóðminjalögum (2001, nr. 107, 31. maí, 9. gr.). Í 10. grein laganna stendur enn fremur:

„Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Það er Fornleifaverndar ríkisins að ákveða með hvaða hætti bregðast skuli við þeirri hættu sem fornleifum kann að stafa að vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í þjóðminjalögunum er kveðið á um að umhverfis friðlýstar fornminjar fylgi 20 m friðhelgt svæði. Ekkert slíkt ákvæði er um friðaðar fornminjar en sú hefð hefur skapast að gagna ekki of nærri þeim og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Mynd 2 Loftmynd af efra deiliskipulagssvæðinu. Skráðar fornleifar eru merktar inná með rauðum lit. Framhald Konungsvegar til N er strikað með ljósbláu. Fornleifar nr. 10 og 12 er gróflega staðsettar skv. heimildum af túnakorti og úr Örnefnabók Hrunamannahrepps. (Loftmyndir ehf. Viðbætur. KM).



Mynd 3 Gamalt vegarstæði á neðra skipulagssvæðinu.



Alls voru þrír minjastaðir skráðir með samtals sjö fornleifum (sjá mynd 2 og töflu 1) en þar af voru tvær horfnar (sjá nr. 7:4 og 7:5 í fornleifaskrá). Þær voru skráðar samkvæmt heimildum af túnakorti frá 1921 annars vegar og Örnefnaskrá og uppdrætti úr Örnefnabók Hrunamannahrepps hins vegar.

Fornleifarnar eru allar staðsettar á efra deiliskipulagssvæðinu milli Högnastígs 12 og 13 og austan Smiðjustígs. Á neðra skipulagssvæðinu við Þjóðveg 30 fundust engar mannvistarminjar utan gamalt vegarstæði sem ekki telst til fornminja og var þ.a.l. ekki skráð.

Allar líta fornminjarnar út fyrir að vera ungar, þ.e.a.s. frá lokum 19. aldar eða upphafi þeirrar 20. Minjagildi þeirra er ekki hátt ef utan eru skildar tvær götur eða leiðir (sjá nr. 8 og 9 í fornleifaskrá). Samkvæmt Sigurði H. Magnússyni, núverandi eiganda Högnastaða, eru hér að finna minjar *Konungsvegarins* sem lá suður um hreppana norðan úr Biskupstungum. Konungsvegurinn telst samkvæmt strangasta skilningi lagabókstafsins ekki til friðaðra fornleifa þar sem hann var byggður árin 1906 – 7. Engu að síður er Konungsvegurinn afar merkar minjar um upphaf vegargerðar á Íslandi. Þessi framkvæmd nam á sínum tíma 14% af heildarútgjöldum ríkisins (Gísli Sigurðsson, 1998:73) og raðar sér þar með í flokk dýrustu framkvæmda sem Íslendingar hafa lagt út í.

Í örnefnaskrá Högnastaða er Konungsvegarins aftur á móti ekki getið. Þar heitir leiðin yfir Ásana *Ljónastígur* og er hann einnig merktur inn á uppdráttinn úr Örnefnabók Hrunamannahrepps. Í Örnefnaskránni segir svo um Ljónastíg:

„Inn af Bæjargróf er Ljónastígur. Það er gata yfir Ásana.

Ljónastígur var hestagata, e.t.v. áður þjóðleið þarna yfir.”

Nyrðst á skráningarsvæðinu, beint upp af húsinu við Högnastíg 13 eru leifar götu (sjá nr. 9 í fornleifaskrá) sem geta verið minjar Ljónastígs. Hann gæti hafa sameinast Konungsveginum sunnan við *Lækjarfar*, lækjargilið sem skipulagt er sem grænt opið svæði innan byggðarinnar, eða að Konungsvegurinn hefur verið lagður ofan í Ljónastíginn.

Allar eru fornleifarnar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Tafla 1 Hér eru upptaldar þær fornleifar sem skráðar voru á deiliskipulagssvæðinu við Högnastíg og Smiðjustíg.

Nr.	Undirnr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Merkja?
7	1	Rúst	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei
	2	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei
	3	Garður	1	Vegagerð	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið	Nei
	4	Rúst	1	Horfin?	-	-	-	Ekkert	Nei
	5	Rúst	1	Horfin?	-	-	-	Ekkert	Nei
8	1	Gata	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1900-	Talsvert	Já
9	1	Gata	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1900-	Talsvert	Já
Alls 3 minjastaðir			Alls 7 fornleifar						

Niðurstöður

Fornleifaskráning þess svæðis sem tillagan að deiliskipulaginu við Högnastíg og Smiðjustíg á Flúðum, Hrunamannahreppi, tekur til leiddi í ljós þrjá minjastaði með sjö fornleifum, þar af tveimur horfnum.

Ef til þess kemur að skráðum fornleifum á svæðinu verði fargað er það í höndum Fornleifaverndar ríkisins að ákveða hvaða mótvægisáðgerðir reynast nauðsynlegar. Fornleifarnar sem fundust við skráninguna teljast hafa lítið minjagildi að utan leifar Konungsvegarins og Ljónastígs. Hér er hvoru tveggja um götur að ræða sem gætu legið í sporum gamalla þjóðleiða. Með tilvísun í

sögulega þýðingu Konungsvegarins verður að telja eðlilegt að hann verði mældur nákvæmlega með GPS-staðsetningartæki og færður inn á kort.

Verði skipulagi breytt með tilliti til fornleifa verður engu að síður að tryggja öryggi þeirra. Þannig ber að varast að vinnuskúrar eða önnur mannvirki tengd framkvæmdunum séu ekki staðsett of nálægt fornleifunum. Jafnframt verður að haga akstri vinnuvéla þannig að ekki verði rask af völdum þeim. Væntanlega vegi ber einnig að setja niður með þetta í huga.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó Georgsson tók saman. Reykjavík 1990

Gísli Sigurðsson: „Konungsvegurinn“. Í *„Fjallaferðir og Framafréttur Biskupstungna“*. Árbók Ferðafélags Íslands 1998, Reykjavík 1998

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Annað bindi, Árnessýsla. Kaupmannahöfn 1918 – 1921

Sædís Gunnarsdóttir: *Menningarminjar í Hrunamannahreppi*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2001

Þjóðminjalög 2001, nr. 107 31. maí

Örnefnabók Hrunamannahrepps. Uppdráttur af landi Högnastaða eftir Ingimund Einarsson. Handrit.

Örnefnaskrá. Högnastaðir 1. Handrit. Örnefnastofnun, 1983

Fornleifaskrá

7

Sýsla	Sveitarfélag	Táknatala	Aðalnr.
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	8710	7
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Högnastaðir			1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
-	N 64°08.222' W 20°19.232'	VGS84	-	<10m

Teund minja	Tilgáta	Fjöldi
Rúst	Sauðakofi?	1
Hættumat	Hætta	Ástand
Byggingar	Mikil	Ágætt
Aldur	Í eyði	Varðveislugildi
1900-		Lítið
Skrásetjari	Dags.	Minjagildi
Kristján Mímisson	17.08.2005	Lítið
		Friðlýsa?
		Nei
		Friðlýst?
		Nei
		Hvenær
		-

Lega og staðhættir

Rústin liggur ca. 50 m norðan við hús nr. 12 við Högnastíg (Flúðum) þar sem gatan tekur "S-beygju" upp Högnastaðaásinn gegnt heimkeyrslunni að Högnastöðum 1. Rústin er sennilega merkt á túnakorti frá 1921.

Heimildir og munnmæli

- Sigurður Magnússon, eigandi Högnastaða
- Túnakort frá 1921

Lýsing


Rúst:

Rústin er 5 x 6 m og mjög vel gróin þar sem hún stendur þvert (A-V) á hlíðina. Á henni vex nú há sina. Veggir eru úr torfi og grjóti og sést í hleðslur við dyrnar sem snú til V. Húsið hefur verið byggt inn í hlíðina og eru framveggir hennar 100 - 120 sm háir en bakveggir aðeins 50 - 60 sm háir. Þykkt veggja er ca. 1 m. Á seinni árum hefur tóftin verið fyllt með rusli og má í dag sjá járnadrasl stingast upp úr sinunni.

Beint framan við rústina liggur gata í N-S átt (fornleifar nr. 8 í Hrunamannahreppi).

Vera má að sunnan við rústina sé önnur eldri tóft en vegna kargabýfis og djúprar sinu var ekki hægt að skera úr um það við skráningu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Kristján Mímisson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

8

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	8710	7
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Högnastaðir		Innra-hús	2

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
-	N 64°08.252' W 20°19.237'	VGS84	-	<10m

Teqund minja	Tilgáta	Fjöldi
Rúst	Sauðhús	1
Hættumat	Hætta	Ástand
Vegagerð	Mikil	Ágætt
Aldur	Í eyði	Varðveislugildi
1900-		Lítið
Skrásetjari	Dags.	Minjagildi
Kristján Mímisson	17.08.2005	Lítið
		Friðlýst?
		Nei
		Friðlýst?
		Nei
		Hvenær
		-

Lega og staðhættir

Rústin liggur fyrir miðjum Högnastaðaásnum rétt sunnan við lítið lækjargil ("Lækjarfar"), miðja vegu milli Högnastígs 12 og 13.

Heimildir og munnmæli

- Örnefnaskrá Högnastaða. Handrit. Örnefnastofnun, 1983
- Örnefnabók Hrunamannahrepps. Uppdráttur af landi Högnastaða.


Lýsing

Rúst:

Rústin hefur stefnuna V-A - þ.e.a.s. byggð til A inn í hlíðina með dyr til V. S-hlíð rústarinnar er sambyggð garði (sjá 9:2). Rústin er í góðu ástandi þar sem hún liggur í djúpt vaxin í sinu. Veggir eru 1,2 til 2 m á breidd og rísa 0,5 - 1,5 m upp úr landinu í kring. Rústin er úr torfi og grjóti en hvergi sést þó í hleðslur.

Í Örnefnaskrá er talað um sauðhús, kallað **Innra-hús**, við Sauðhúsbrún, neðan (sennilega sunnan) við Fjárhúsmýri. Af uppdrætti úr Örnefnabók Hrunamannahrepps að dæma mun það vera þessi rúst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Kristján Mímisson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

9

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Hrunamannahreppur

Tákntala

8710

Aðalnr.

7

Landareign

Högnastaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

3

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 64°08.252' W 20°19.237'

Viðmiðun

VGS84

M.y. sjó

-

Skekkja

<10m

Teqund minja

Garður

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Mikil

Ástand

Ágætt

Aldur

1900-

Í eyði

Skrásetjari

Kristján Mímisson

Dags.

17.08.2005

Tilgáta

Fjárrekstrargarður

Fjöldi

1

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Liggur í A-V (þvert á hlíðina) við S-vegg rústar 9:1 - teygir sig ca. 3 m A fyrir hana (ofar í brekkuna) að fornleifum nr. 8 (götu) og ca. 50 m til V niður á flatlendið.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður:

Garðurinn rís allt að einum metra upp úr landinu - vel vaxinn. Hann er sennilegast hlaðinn úr torfi og grjóti þó að hvergi sjáist í steina.

Vera má að garðurinn hafið teygt sig lengra til V en orðið fórnarlamb sléttunar og grafning skurðar niður á flatlendinu framan við.

Garðurinn hefur kannski gegnt því hlutverki að aðstoða smala við að reka fé inn í fjárhúsið.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Kristján Mímisson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040

Athugasemdir

Fornleifaskrá

10

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Hrunamannahreppur

Tákntala

8710

Aðalnr.

7

Landareign

Högnastaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

4

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y. sjó

-

Skekka

-

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

-

Fjöldi

-

Hættumat

Horfin?

Hætta

-

Ástand

-

Aldur

-

Í eyði

-

Varðveislugildi

Ekkert

Minjagildi

Ekkert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Kristján Mímisson

Dags.

17.8.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Samkvæmt túnakorti frá 1921 er rúst ca. 50 m beint í V af fornleifum nr. 7 í Hrunamannahreppi.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Högnastaða frá 1921

Lýsing

Rúst:

Leitað var á þeim stað þar sem rústin er teiknuð inn á túnakortið frá 1921. Þar vex í dag há sina. Ekkert sást á vettvangi sem bent gæti til þess að þar væru leifar mannvirkja.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Fornleifaskrá

11

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Hrunamannahreppur

Tákntala

8710

Aðalnr.

7

Landareign

Högnastaðir

Nr

Heiti

Jónstóft

Undirnr.

5

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

-

M.y. sjó

-

Skekkja

-

Teqund minja

Rúst

Tilgáta

-

Fjöldi

-

Hættumat

Horfin?

Hætta

-

Ástand

-

Aldur

-

Í eyði

-

Varðveislugildi

Ekkert

Minjagildi

Ekkert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Kristján Mímisson

Dags.

17.8.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Staðsetning ókunn.

Heimildir og munnmæli

- Örnefnaskrá Högnastaða. Handrit.

Örnefnastofnun, 1983

- Örnefnabók Hrunamannahrepps. Uppdráttur, handrit.

Lýsing

Rúst:

Á vettvangi var ekki hægt að sjá til neinna rústa.

Á uppdrætti úr Örnefnabók Hrunamannahrepps er Jónstóft staðsett austan Fjárhúsmýri og norðan við Fjárhúslæk.

Í Örnefnaskrá segir:

“...Jónstóft er innan til við grófina [Bæjargróf], en Valdimar man ekki eftir þeim nöfnum.”

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Fornleifaskrá

12

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	8710	8
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Högnastaðir		Konungsvegur	1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
-	N 64°08.206' W 20°19.228'	VGS84	-	<10m

Teqund minja					Tilgáta		Fjöldi	
Gata					Þjóðleið		1	
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Varðveislugildi	Minjagildi	Merkja?	
Byggingar	Mikil	Ágætt	1900-		Talsvert	Talsvert	Já	
Skrásetjari					Dags.		Friðlýsa?	Friðlýst?
Kristján Mímisson					17.08.2005		Nei	Nei
							Hvenær	-

Lega og staðhættir

Liggur frá "S-beygju" á Högnastíg (Flúðum) gegnt Högnastöðum, þvert til N yfir Högnastaðaásinn þar og áfram til N inn í skógarjórður austan við Högnastíg 14 (?).

Heimildir og munnmæli

- Sigurður Magnússon, eigandi Högnastaða
- Örnefnaskrá Högnastaða. Handrit.
Örnefnastofnun, 1983

Lýsing

Gata:

Gata er 2 - 3 m á breidd og vaxin á kaf í sinu. Hún er rofin á tveimur stöðum af lækjafarvegum sem nú eru annars þurrir. Undan hlíðinni, til V, er gatan afmörkuð af garði sem rís ca. 30 sm upp fyrir götuplanið.

Sigurður H. Magnússon, núverandi eigandi Högnastaða, segir þetta vera **Konungsveginn** frá 1907 en hann mun hafa legið um bæjarstæði Högnastaða.

Í Örnefnaskrá er aftur á móti ekki minnst einu orði á Konungsveginn. Þar er aftur á móti talað um **Ljónastíg** (fornleifar nr. 11) sem var gömul þjóðleið yfir Ásana.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Kristján Mímisson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040

Athugasemdir

--

Fornleifaskrá

13

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	8710	9
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Högnastaðir		Ljónastígur?	1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y. sjó	Skekkja
-	N 64°08.278' W 20°19.252'	VGS84	-	<10

Teqund minja					Tilgáta		Fjöldi	
Gata					Þjóðleið		1	
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Varðveislugildi	Minjagildi	Merkja?	
Byggingar	Mikil	Ágætt	1900-	-	Talsvert	Talsvert	Já	
Skrásetjari			Dags.		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Kristján Mímisson			17.8.2005		Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Liggur í NV - SA upp brekkuna ofan við húsið við Högnastíg 13.

Heimildir og munnmæli

- Örnefnaskrá Högnastaða. Handrit. Örnefnastofnun
- Örnefnabók Hrunamannahrepps. Uppdráttur af landi Högnastaða.

Lýsing

Gata:

Af götunni hefur aðeins varðveist ca. 25 m kafli. Gatan er vel gróin og afmörkuð með garði (ca. 30 - 50 sm háum) til V niður hlíðina.

Í Örnefnaskrá stendur:

“Inn af Bæjargróf er Ljónastígur. Það er gata yfir Ásana. Ekki er vitað um skýringu nafnsins. Ljónastígur var hestagata, e.t.v. áður þjóðleið þarna yfir.”

Ljónastígur er einnig merktur inn á uppdráttinn úr Örnefnabók Hrunamannahrepps og passar staðsetning hans ágætlega við skráðan vegarstubb.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir